



UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um lækkun hámarkshraða við Korpúlfsstaðaveg (US210008).

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 13. janúar sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að lækkaður verði hámarkshraði við Korpúlfsstaðaveg og að farið verði í að skoða hraðann við stoppistöð milli Brúnastaða og Bakkastaða. Þar er lýsing nánast engin, hraðinn mikill, merkingar nánast engar og þarna er stærsti hópurinn af yngsta stigi að taka skólarútuna á hverjum morgni og koma svo aftur seinni partinn heim. Báðar tímasetningar eru á háanna tíma og þegar umferðin er sem mest og birtan sem minnst. Mælingar sem borgin gerði sl haust til þess að skoða eðli umferðarinnar á veginum voru villandi að mati íbúa. Mælingarnar voru gerða milli Brúnastaða og Garðsstaða þar sem hraðahindranir eru fyrir og merktar gangbrautir.

Skoða þarf þessi mál betur og endurtaka mælingar sem og mæla á fleiri stöðum. Skoða þarf eðli umferðarinnar þegar strætó og eða skólarúta stoppar þarna. Framúrakstur er algengur þrátt fyrir litla "eyju" milli akreina sem eykur enn hættuna.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 3. febrúar sl.

Umsögn:

Skrifstofunni er kunnugt um að bæta þurfi öryggi gangandi vegfarenda við umrædda biðstöð á Korpúlfsstaðavegi. Af hálfu skrifstofunnar er lögð áhersla á vinnu við að bæta öryggi við gönguþveranir og þar með draga úr aksturshraða þar.

Skipulags og samgönguráð samþykkti þann 24. mars sl. tillögu skrifstofunnar um nýja gangbraut yfir Korpúlfsstaðaveg við biðstöðina, með gangbrautarlýsingu og hraðadempanði aðgerðum, sem hluta af umferðaröryggisaðgerðum ársins 2021.



Í ljósi fyrirhugaðra aðgerða og til samræmis við drög að hámarkshraðaáætlun borgarinnar, telur skrifstofan ekki ástæðu til að mæla með lækkun hámarkshraða á Korpúlfsstaðavegi að svo stöddu.

Þorsteinn R. Hermannsson
samgöngustjóri